

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrám Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 28. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og Hitaveitu Akureyrar er taka gildi frá og með 1. júní 1990:

Gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nr. 44, 25. janúar 1990:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um . . . . . 3,3%

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 38, 23. janúar 1990, með síðari breytingum:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um . . . . . 0.6%

*Íðnaðarráðuneytið, 25. maí 1990.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Garðabæjar 1985–2005.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 21. maí 1990 staðfest uppdrátt af breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1985–2005.

Breytingin er í því fölginn að svæði í Vetrarmýri sem nú er auðkennt „skipulagi frestað“ breytist þannig að landnotkunin verður „opið svæði til sérstakra nota“ sem verður lagt undir golfvöll.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1990.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Garðabæjar 1985–2005.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 21. maí 1990 staðfest uppdrátt af breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1985–2005.

Breytingin er í því fölginn að gert er ráð fyrir umferðartengingu við Arnarnesveg frá Hæðarhverfi. (Bæjargil 11).

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1990.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 223

21. maí 1990

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Eskifjarðar 1988–2008.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 21. maí 1990 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Eskifjarðar 1988–2008.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Eskifjarðar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

Jafnframt er úr gildi felldur uppdráttur af aðalskipulagi Eskifjarðar sem staðfestur var af félagsmálaráðherra hinn 17. ágúst 1981.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1990.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 224

21. maí 1990

## AUGLÝSING

### um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Keflavíkur 1982–2002.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 21. maí 1990 staðfest uppdrátt af breytingu á aðalskipulagi Keflavíkur 1982–2002.

Breytingin er í því fölginn að lóð fyrir verslun og þjónustu við Heiðarbraut verður íbúðarhúsalóð.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Keflavíkur hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar félagsmálaráðherra.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. maí 1990.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*